

Svar

umhverfisráðherra við fyrirspurn Telmu Magnúsdóttur um staðfestingu aðalskipulags Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvenær hyggst ráðherra staðfesta aðalskipulag Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar og sveitarfélagsins Skagafjarðar sem eru nú fullbúin og brýnt er að hljóti staðfestingu, m.a. til frekari uppbyggingar ferðaþjónustu í viðkomandi sveitarfélögum?

Í júní 2010 tilkynnti ráðuneytið Sveitarfélaginu Skagafirði þá niðurstöðu sína að fresta bæri staðfestingu á þeim hluta aðalskipulags sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009–2021 er varðar legu Hringvegur 1 á 15 km kafla í Skagafirði, þ.e. þeim hluta aðalskipulagsins þar sem Vegagerðin og sveitarfélagið voru ekki sammála um legu veglínunnar, sbr. 2. og 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. einnig 28. gr. vegalaga nr. 80/2007.

Í maí 2011 tilkynnti ráðuneytið Blönduósbæ þá niðurstöðu sína að fresta bæri þeim hluta aðalskipulags Blönduósbæjar 2010–2030 á því svæði þar sem ný veglína hringvegur um Húnavallaleið liggur, sbr. 2. og 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. einnig 28. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

Í maí 2011 tilkynnti ráðuneytið Húnavatnshreppi þá niðurstöðu sína að fresta bæri þeim hluta aðalskipulags Húnavatnshrepps 2010–2022 á því svæði þar sem ný veglína hringvegur um Húnavallaleið liggur, sbr. 2. og 3. mgr. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, sbr. einnig 28. gr. vegalaga, nr. 80/2007.

Í öllum framangreindum málum var sveitarfélögunum tilkynnt að aðalskipulag þeirra yrði staðfest þegar nýir skipulagsupprættir hefðu borist ráðuneytinu sem geri grein fyrir frestun aðalskipulags að hluta eða á því svæði sem umræddar veglagnir taka til.

Hinn 25. apríl sl. barst ráðuneytinu bréf Skipulagsstofnunar þar sem meðfylgjandi var afrit af bréfi Vegagerðarinnar til framangreindra sveitarfélaga, dags. 17. apríl 2012. Í bréfi Vegagerðarinnar kemur fram að innanríkisráðherra hafi ákveðið að Vegagerðin skuli ekki vinna áfram að tillögum um breytingar á legu hringvegur í sveitarfélögunum Blönduósbæ, Húnavatnshreppi og Sveitarfélaginu Skagafirði. Af þeim sökum dragi Vegagerðin til baka kröfur um að hugsanlegar veglínur verði sýndar á aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Í ljósi bréfs Vegagerðarinnar frá 17. apríl sl. er nú unnið að staðfestingu framangreindra skipulagstillagna í ráðuneytinu.